


| | | |
|------------|--|---|
| Síða 1 í 4 | Fjölbrautaskóli Vesturlands |  |
| | Námsáætlun ENSK2EV05 Haustönn 2018 | |

| | |
|--------------------------|--|
| Kennari/kennarar: | Netfang/netföng: |
| Dröfn Guðmundsdóttir | drofng@fva.is |
| Helena Valtýsdóttir | helval@fva.is |

Námsgögn

A Curious Incident of the Dog in the Night-time

Kennsluefni á Innu

Fjölritað efni frá kennara

Ýmislegt mynd- og hlustunarefni

Lýsing:


Kröfur áfangans samsvara hæfnisprepi B1 í Evrópska tungumálarammanum. Í áfanganum er lögð áhersla á að þjálfa grunnþætti tungumálanáms, þ.e. lestur, tal, ritun og hlustun. Áhersla er á orðaforða og málnotkun í rituðu og töluðu máli.

Engin eiginleg kennslubók er í áfanganum heldur **ber** nemendum að sækja texta og verkefni á Innu og hafa með sér í kennslustundir, útprentað.

Nemendur vinna verkefni tengd lesefninu í kennslustundum og heima, ýmist hver í sínu lagi, í pörum eða í litlum hópum. Ritunarverkefni og önnur verkefni sem tengjast málnotkun og málfræði verða að einhverju leyti unnin á tölvu og skilað þar. Fjallað verður um *The Curious Incident of the Dog in the Night-time* í umræðuhópum og leyst verkefni tengd efni hennar. **Einkunn í *The Curious Incident of the Dog in the Night-time* fer að miklu leyti eftir mætingu og undirbúningi.**

3-4 hlutapróf verða á önninni auk munnlegs prófs.

Í lok annar verður yfirlitspróf úr efni áfangans.

| | | |
|------------|--|---|
| | Fjölbrautaskóli Vesturlands |  |
| | Námsáætlun ENSK2EV05 Haustönn 2018 | |
| Síða 2 í 4 | | |

Markmið:

Nemandi skal hafa aflað sér aukinnar þekkingar og skilnings á

- lestri fjölbreyttra texta, m.a. úr fjölmiðlum
- völdum kvikmyndum og bókmenntatextum
- uppbyggingu ritunarverkefna
- munnlegri og skriflegri tjáningu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skoða texta og kvikmyndir m.t.t. til sögusviðs og persóna. Hann skal hafa þjálfast í að beita mismunandi lestraraðferðum á mismunandi texta. Jafnframt skal hann hafa öðlast leikni í að tjá sig munnlega og skriflega á villulítilli ensku um málefni sem hann hefur kynnt sér.


Nemendur skulu geta notfært sér leikni sína til að taka þátt í skoðanaskiptum og færa rök fyrir máli sínu skriflega og munnlega; skrifað ólíkar tegundir texta, m.a. rökfærsluritgerð um efni sem þeir hafa kynnt sér. Þeir eiga að geta tjáð sig skýrt á góðri ensku formlega og óformlega.

Námsmat:

Munnlegt próf: 10%
The Curious Incident of the Dog in the Night-time: 15%
Hlutapróf: 30%
Yfirlitspróf 20%
Mappa: 5%
Önnur verkefni og ástundun 20%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum í Innu og mæta í tíma með útprentuð verkefni.

| | | |
|------------|--|---|
| Síða 3 í 4 | Fjölbrautaskóli Vesturlands |  |
| | Námsáætlun ENSK2EV05 Haustönn 2018 | |

Nemendur skulu halda möppu fyrir námesefni annarinnar.

Nemendur skulu virða skilafresti verkefna. Ekki er hægt að skila verkefnum til kennara eftir að aðrir nemendur hafa fengið þau til baka. Ekki er hægt að vinna upp verkefni annarinnar í annarlok.

Sjúkrapróf eru aðeins í boði fyrir þá sem eru löglega afsakaðir (tilkynnt og skráð veikindi/leyfi í INNU). Nemanda ber að hafa samband við kennara hið fyrsta til þess að fá upplýsingar um sjúkraprófið. Hafi nemandi ekki samband er litið svo á að hann ætli sér ekki að taka prófið.

Nemendum sem hafa síma með sér í skólann ber að setja þá í símahólf í stofnunni. Símar eru einungis leyfðir til að vinna ákveðin verkefni undir stjórn kennara.

Áfanginn er lokaprófslaus. Til að standast hann þurfa nemendur að

- skila a.m.k. 90% verkefna
- vera með a.m.k. 90% í skólasókn
- taka munnlegt próf
- vinna verkefni í *The Curious Incident of the Dog in the Night-time*
- hafa ekki lægri meðaleinkunn úr hlutaprófum og yfirlitsprófi en 4,5


Tími við nám:

Tímasókn 60 klst.

Heimavinna 45 klst.

Alls: 105 klst.

| Vika | Dags. | Námsþættir | Námsmatsþættir |
|------|-------|------------|----------------|
|------|-------|------------|----------------|

| | | |
|------------|--|---|
| Síða 4 í 4 | Fjölbrautaskóli Vesturlands |  |
| | Námsáætlun ENSK2EV05 Haustönn 2018 | |

| | | | |
|----|-------------|---|--|
| 1 | 20.8-24.8 | Kynning, Module 1 | |
| 2 | 27.8-31.8 | Module 1 | |
| 3 | 3.9-7.9 | Module 1 | |
| 4 | 10.9-14.9 | Module 1 | |
| 5 | 17.9-21.9 | Module 2, The Curious Incident of the Dog in the Night-time | |
| 6 | 24.9-28.9 | Module 2, The Curious Incident of the... | |
| 7 | 1.10-5.10 | Module 2, The Curious Incident of the... | |
| 8 | 8.10-12.10 | Module 2-3, The Curious Incident of the... | |
| 9 | 15.10-17.10 | Module 3, The Curious Incident of the... | |
| 10 | 22.10-26.10 | Module 3, The Curious Incident of the ... | |
| 11 | 29.10-2.11 | Module 3 | |
| 12 | 5.11-9.11 | Module 4 | |
| 13 | 12.11-16.11 | Module Module 4 | |
| 14 | 19.11-23.11 | Module 4 | |
| 15 | 26.11-30.11 | Module 4, upprifjun, | |
| 16 | 3.12-7.12 | Námsmat og próf | |
| 17 | 10.12-14.12 | Námsmat og próf | |
| 18 | 17.12-18.12 | Prófsýning og sjúkrapróf | |

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.